

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 20. maí 2025.

Mál nr. 317/2025:

**A**

(Steingrímur Þormóðsson lögmaður)

**gegn**

**Sjúkratryggingum Íslands og**

(enginn)

**íslenska ríkinu**

(Ingvi Snær Einarsson lögmaður)

**Lykilorð**

Kærumál. Vitni. Skýrslugjöf. Álitsgerð. Lögjöfnun.

**Útdráttur**

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem hafnað var kröfu A um að leiða fyrir héraðsdóm tvo nánar tilgreinda sérfræðinga sem unnið höfðu álitsgerð á grundvelli heimildar 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í úrskurði Landsréttar var rakið að tíðkast hefði að sérfræðingar sem staðið hefðu að álitsgerð á grundvelli 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga kæmu fyrir dóm til að svara spurningum um niðurstöður sínar með sama hætti og dómkvaddir matsmenn. Að teknu tilliti til þess að við vinnslu sérfræðiálitsins, sem kröfugerð A væri reist á, hefði Í ásamt S verið gefið færi á að gæta hagsmuna sinna með framlagningu viðbótargagna, væri rétt að veita A, með lögjöfnun frá 65. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála heimild til að leiða þá sérfræðinga sem að henni hefðu staðið fyrir dóm til skýrslugjafar. Væri þá jafnframt tekið mið af meginreglu réttarfars um jafnræði málsaðila. Einnig væri til þess að líta að ekki hefði verið teflt fram neinum haldbærum rökum sem gæfu tilefni til að álykta að skýrslugjöfin væri bersýnilega tilgangslaus, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991. Var því fallist á kröfu A um að honum væri heimilað að leiða sérfræðingana fyrir dóm til skýrslugjafar við aðalmeðferð málsins í héraði.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ásmundur Helgason, Jóhannes Sigurðsson og Kjartan Bjarni Björgvinsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Sóknaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 23. apríl 2025. Greinargerð varnaraðila barst réttinum 6. maí sama ár. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 2025 í málinu nr. E-[...]/2022 þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um að leiða fyrir héraðsdóm sem vitni B og C. Kæruheimild er í b-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

- 2 Sónknaðili krefst þess að fyrrgreind krafa hans verði tekin til greina. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærúmálskostnaðar.
- 3 Varnaraðili, íslenska ríkið, krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærúmálskostnaðar.
- 4 Varnaraðili, Sjúkratryggingar Íslands, hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Landsrétti.

### **Niðurstaða**

- 5 Eins og kröfugerð sóknaraðila ber með sér lýtur ágreiningur aðila í kærumáli þessu að því hvort sóknaraðila sé heimilt að leiða B bæklunarlækni og C lögfræðing fyrir dóm til skýrslugjafar í máli sem sóknaraðili hefur höfðað, aðallega gegn Sjúkratryggingum Íslands en til vara gegn varnaraðila.
- 6 Líkt og ráða má af hinum kærða úrskurði leitaði sóknaraðili, á grundvelli heimildar í 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, til B og C og fór fram á að þeir legðu mat á afleiðingar líkamstjóns sem sóknaraðili kveðst hafa orðið fyrir vegna mistaka við lækni meðferð á Landspítala. Gögn málsins bera með sér að varnaraðilar hafi verið látnir vita af fyrirhugaðri matsvinnu og að lögmenn á þeirra vegum hafi fengið erindi þar sem þeim, ásamt lögmanni sóknaraðila, var boðið að leggja fram frekari upplýsingar áður en matsfundur var haldinn 27. apríl 2022. Álitsgerð B og C er dagsett 10. júní 2022, en þar er komist að niðurstöðu um áhrif lækni meðferðarinnar á heilsufar sóknaraðila með tilliti til einstakra ákvæða skaðabótalaga, þar á meðal um miska og varanlega örorku hans. Sóknaraðili höfðaði því næst mál gegn fyrrgreindum aðilum 6. september 2022 og er kröfugerð hans reist á niðurstöðu álitsgerðarinnar.
- 7 Í kæru sóknaraðila er þess getið að eftir að málið var höfðað hafi bæði hann og Sjúkratryggingar Íslands aflað matsgerða dómkvaddra matsmanna um líkamstjón hans. Eftir að síðari matsgerðin var lögð fram munu sóknaraðili og Sjúkratryggingar Íslands hafa náð sátt um greiðslu hámarksbóta samkvæmt þágildandi lögum nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu. Lýtur málið nú efnislega að bótaábyrgð varastefnda umfram þá greiðslu.
- 8 Í þinghaldi 19. desember 2024 var öflun sýnilegra sönnunargagna lýst lokið og bókað að málið væri tilbúið til aðalmeðferðar. Af hálfu sóknaraðila var þá upplýst að fyrirhugað væri að B og C kæmu fyrir dóm til að gefa skýrslu, ásamt tveimur þvagfæraskurðlæknum sem höfðu verið dómkvaddir til að meta afleiðingar tjónsatviksins. Í næsta þinghaldi 9. apríl 2025 var bókað um mótmæli varnaraðila við því að B og C kæmu fyrir dóminn í þessu skyni og fór munnlegur málflutningur fram um ágreininginn í framhaldinu. Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp degi síðar og bókað að málinu væri að óbreyttu frestað til aðalmeðferðar tilgreindan dag.
- 9 Samkvæmt 1. mgr. 44. gr. og 1. mgr. 51. gr. laga nr. 91/1991 getur aðili einkamáls fært sönnur á umdeild atvik meðal annars með því að leiða mann fyrir dóm sem vitni

til að svara munnlegum spurningum sem beint er til hans um málsatvik. Leggja verður til grundvallar að með málsatvikum sé almennt átt við hverjar þær raunverulegu aðstæður og atvik, sem geta haft beina þýðingu fyrir úrlausn málsins með tilliti til þeirra réttarreglna sem á reynir, til dæmis um afleiðingar tjónsatviks á heilsufar tjónþola, auk þess sem undir það geta fallið atriði, sem kunna að skipta máli þegar ályktað er um umdeild atvik, þótt málið varði þau ekki með beinum hætti. Um síðargreinda tilvikið má meðal annars vísa til dóms Hæstaréttar 18. nóvember 2013 í máli nr. 705/2013.

- 10 Í dómaframkvæmd virðist sá skilningur jafnframt hafa verið lagður í orðin „um málsatvik“ í 1. mgr. 51. gr. laga nr. 91/1991, að með þeim sé gerð krafa um, að sá sem kemur fyrir dóm til að svara spurningum um atvik sem vitni í dómsmáli, þurfi að hafa skynjað þau atvik eða kynnst þeim „af eigin raun“. Með þeirri skýringu, sem ekki verður séð að eigi sér fyrirmynd í norrænu réttarfari og leiðir ekki með afdráttarlausum hætti af lagaákvæðinu eins og það er orðað, kunna aðstæður og atvik, sem ekki hafa beinlínis verið viðfangsefni skynjunar þess sem óskað er að gefi skýrslu, að falla utan þess sem hann getur borið um fyrir dómi sem vitni á grundvelli 51. gr. laga nr. 91/1991, þótt þau hafi síðar orðið efniviður ályktana af hans hálfu um málsatvik. Um þá skýringu má í dæmaskyni vísa til dóma Hæstaréttar 21. maí 1996 í máli nr. 190/1996, sem birtur var í dómasafni réttarins það ár á bls. 1785, og 9. mars 2015 í máli nr. 159/2015.
- 11 Í þessu sambandi virðist skipta miklu að í lögum nr. 91/1991 eru reglur um annað úrræði til sönnunar fyrir málsaðila, það er skoðunar- og matsgerðir samkvæmt IX. kafla laganna, sem þykir betur sniðið að síðari tíma ályktunum um atvik og aðstæður, að minnsta kosti ef þar reynir á sérfræðileg atriði, eins og komist er að orði í dómi Hæstaréttar 3. júní 2013 í máli nr. 321/2013. Hefur í því sambandi verið bent á að reglur um matsgerðir miða að því að tryggja hlutleysi dómkvaddra matsmanna, sem og þátttöku málsaðila við athugun matsmanna og vinnslu matsgerðar, enda sé með því stuðlað að vandaðri málsmeðferð og áreiðanleika þeirra ályktana sem þar koma fram.
- 12 Þegar matsgerðar hefur verið aflað á grundvelli kvaðningar samkvæmt IX. kafla laga nr. 91/1991 gildir sú sérregla, sem kemur fram í 65. gr. laganna, að matsmönnum er skylt, að kröfu málsaðila, að koma fyrir dóm til að gefa skýrslu til skýringar og staðfestingar á matsgerð og um atriði sem tengjast henni. Dómkvaddir matsmenn gefa því ekki skýrslu fyrir dómi sem vitni á grundvelli 1. mgr. 51. gr. laganna, þótt skýrslugjöf þeirra lúti að málsatvikum.
- 13 Á framangreindum lagagrundvelli hefur í íslensku réttarfari verið talið óheimilt að leiða svonefnd sérfræðivitni fyrir dóm í einkamáli til að gefa skýrslu, enda hafi þau ekki verið dómkvödd til að semja matsgerð á grundvelli IX. kafla laganna. Skiptir þá ekki máli þótt viðkomandi hafi kynnt sér gögn og önnur atriði, sem varpað geta ljósi á atvik, og hann skilað af sér álitsgerð, vottorði eða annars konar yfirlýsingu um þær ályktanir sem hann dregur af þeim, áður en dómsmál hefur verið höfðað.

- 14 Hinn kærði úrskurður byggist á framangreindum viðhorfum, en þar er litið svo á að þau eigi eins við þótt álitserðar hafi verið aflað af aðila skaðabótamáls samkvæmt sérstakri heimild í 10. gr. skaðabótalaga. Til marks um það er í úrskurði héraðsdóms vísað til úrskurðar Landsréttar 29. apríl 2020 í máli nr. 236/2020, þar sem því var hafnað að lækni, sem unnið hafði álitserð á framangreindum lagagrundvelli um afleiðingar ætlaðrar líkamsárásar, gæfi skýrslu fyrir dómi. Í hinum kærða úrskurði þóttu ekki liggja fyrir haldbær rök til að komast að annarri niðurstöðu en greindi í umræddum úrskurði Landsréttar.
- 15 Í þessu sambandi verður að hafa í huga að í 10. gr. skaðabótalaga, eins og ákvæðinu var breytt með lögum nr. 37/1999, er beinlínis við það miðað að aðalreglan sé á þá leið að „málsaðilar afli sjálfir sérfræðilegs álits um örorku- og/eða miskastig og þá læknisfræðilegu þætti sem meta þarf skv. 2. og 3. gr. laganna til þess að ljúka megi bótauppgjöri“, eins og segir í athugasemdum við ákvæðið í lagafrumvarpi. Er þá miðað við að „[s]érfræðilegt mat, sem annar málsaðila aflar, geti tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta borið undir örorkunefnd.“ Þótt ekki sé í skaðabótalögum kveðið á um hvernig standa beri að álitserflun og vinnu sérfræðings er algengt að þar sé gætt að því að vinnubrögð séu ekki lakari en þegar aflað er matsgerðar dómkvaddra matsmanna. Þá standa málsaðilar oft saman að öflun slíkrar álitserðar, þótt ekki sé það áskilið eins og rakið hefur verið, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 3. febrúar 2011 í máli nr. 375/2010. Álitserð sem aflað hefur verið á þessum lagagrundvelli hefur jafnan þó nokkurt sönnunargildi fyrir dómi, en þýðingu hennar gagnvart öðrum sönnunargögnum verður að meta hverju sinni á grundvelli meginreglunnar um frjálst sönnunarmat dómara, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991.
- 16 Þvert á þau viðhorf, sem rakin hafa verið í efnisgreinum 10 til 13, hefur tíðkast að sérfræðingar, sem staðið hafa að álitserð á grundvelli 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga, komi fyrir dóm til að svara spurningum um niðurstöður sínar með sama hætti og dómkvaddir matsmenn. Til marks um það má meðal annars vísa til fyrrgreinds dóms Hæstaréttar í máli nr. 375/2010, en ekki síður til dóms Hæstaréttar 13. nóvember 2014 í máli nr. 319/2014. Í síðargreinda dóminum verður ekki annað séð en að niðurstaða um upphaf fyrningar skaðabótakröfu tjónþola hafi oltið á skýrslugjöf sérfræðings fyrir dómi, ásamt álitserð sem hann hafði staðið að.
- 17 Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið og að teknu tilliti til þess, að við vinnslu sérfræðiálitsins, sem kröfugerð sóknaraðila er reist á, var varnaraðila, ásamt Sjúkratryggingum Íslands, gefið færi á að gæta hagsmuna sinna með framlagningu viðbótargagna, er rétt að veita sóknaraðila, með lögjöfnun frá 65. gr. laga nr. 91/1991, heimild til þess að leiða þá sérfræðinga sem að henni stóðu fyrir dóm til skýrslugjafar. Er þá jafnframt tekið mið af meginreglu réttarfars um jafnræði málsaðila, sem kann að raskast ef lagt er til grundvallar að annar aðili skaðabótamáls eigi þess kost að leiða þá matsmenn sem dómkvaddir hafa verið til skýrslugjafar, meðan þeim aðila sem styður kröfugerð sína við álitserð, sem aflað hefur verið í samræmi við 1. mgr. 10.

gr. skaðabótalaga, er meinað að leggja fyrir höfund hennar spurningar við aðalmeðferð málsins til skýringar á niðurstöðu hans. Þá er jafnframt til þess að líta að ekki hefur verið teft fram neinum haldbærum rökum sem gefa tilefni til að álykta að skýrslugjöf sérfræðinganna sé bersýnilega tilgangslaus, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991. Verður því fallist á kröfu sóknaraðila um að honum verði heimilað að leiða sérfræðingana fyrir dóm til skýrslugjafar við aðalmeðferð málsins í héraði.

- 18 Staðfest er ályktun hins kærða úrskurðar um að ákvörðun málskostnaðar í héraði bíði efnisniðurstöðu.
- 19 Varnaraðila verður gert að greiða sóknaraðila kærúmálskostnað eins og greinir í úrskurðarorði.

### Úrskurðarorð:

Sóknaraðila, A, er heimilað að leiða C lögfræðing og B bæklunarlækni fyrir dóm til skýrslugjafar við aðalmeðferð málsins í héraði.

Staðfest er ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað.

Varnaraðili, íslenska ríkið, greiði sóknaraðila 400.000 krónur í kærúmálskostnað.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 10. apríl 2025

1. Sá þáttur málsins sem hér er til úrlausnar var tekinn til úrskurðar 9. apríl 2025.
2. Stefnandi krefst þess að hann fái að leiða fyrir dóminn sem vitni við aðalmeðferð málsins B bæklunarlækni og C lögfræðing. Einnig krefst stefnandi málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins. Varastefndi krefst þess að stefnanda verði synjað um heimild til að leiða téða menn fyrir dóminn og málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins. Aðalstefndi hefur ekki látið þennan þátt málsins til sín taka, enda hefur náðst sátt um efnishlið málsins milli hans og stefnanda um annað en málskostnað.
3. B og C mátu samkvæmt beiðni stefnanda, utan réttar, líkamstjón stefnanda vegna atvika sem eru til umfjöllunar í efnishlið málsins og skiluðu matsgerð þar að lútandi, dagsettri 10. júní 2022.
4. Kröfu sinni til stuðnings vísar stefnandi til þess að matsgerðarinnar hafi verið aflað á grundvelli 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í ákvæðinu sé gert ráð fyrir að málsaðilar afli sjálfir sérfræðilegs álits um örorku- og/eða miskastig og þá læknisfræðilegu þætti sem meta þurfi. Matsgerðir sem aflað sé á þessum grundvelli hafi meira sönnunargildi en önnur utanréttarvottorð og því sé rétt að heimila að höfundar þeirra verði leiddir fyrir dóm til skýrslugjafar. Stefnandi telur að úrskurður Landsréttar í máli nr. 236/2020, sem varðaði sambærileg atvik, sé rangur að efni til og vísar í því sambandi m.a. til fræðigreinar þar sem niðurstaða úrskurðarins er gagnrýnd.
5. Varastefndi byggir á því að af ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sérstaklega 1. mgr. 44. gr. og 1. mgr. 51. gr., megi ráða að heimilt sé að leiða fyrir dóm vitni til að svara spurningum um atvik sem það hefur skynjað af eigin raun. Hins vegar sé ekki heimilt að leiða fyrir dóm vitni sem sé ætla að svara spurningum um sérfræðileg atriði. Til að færa sönnur á slík atriði þurfi að fara eftir ákvæðum IX. kafla laga um meðferð einkamála, svo sem með skýrslugjöf dómkvadds matsmanns, sbr. 1. mgr. 65. gr. laganna. Í þessu sambandi vísar varastefndi til fyrri dómaframkvæmdar, þar á meðal úrskurðar Landsréttar í máli nr. 236/2020.

*Niðurstaða*

6. Af 1. mgr. 44. gr. og 1. mgr. 51. gr. laga nr. 91/1991 verður ályktað að aðili einkamáls megi færa þar

sönnur fyrir umdeildum atvikum með því að leiða fyrir dóm vitni sem svari munnlega spurningum um atvik sem þau hafa skynjað af eigin raun, en ekki sérfræðileg atriði þar sem lögin gera ráð fyrir að leitað sé svara við slíkum spurningum með öðrum hætti. Þá segir í 3. mgr. 46. gr. laganna að telji dómari bersýnilegt að atriði, sem aðili vill sanna, skipti ekki máli eða að gagn sé tilgangslaust til sönnunar geti hann meinað aðila um sönnunarfærslu.

7. Fyrir liggur að lækurinn sem stefnandi vill leiða fyrir dóminn annaðist stefnanda ekki í þeim veikindum sem hann reisir málsókn sína á. Af þeim sökum verður skýrslugjöf hans fyrir dómi ekki reist á reglum VIII. kafla laga nr. 91/1991. Þá hefur hvorugur þeirra manna sem stefnandi vill leiða fyrir dóminn verið dómkvaddur sem matsmaður samkvæmt IX. eða XII. kafla sömu laga. Skýrslugjöfin verður því ekki heldur reist á 1. mgr. 65. gr. laganna.
8. Stefnandi hefur sérstaklega vísað til þess að matsgerðarinnar sem um ræðir hafi verið aflað með stoð í 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga. Eftir breytingar sem gerðar voru á þeirri lagagrein með lögum nr. 37/1999 kemur þar fram að þegar fyrir liggi sérfræðilegt álit um örorku- og/eða miskastig tjónþola, eða þá lækisfræðilegu þætti samkvæmt 2. og 3. gr. sem meta þurfi til þess að uppgjör bóta samkvæmt lögunum geti farið fram, geti hvor um sig, tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta, borið álitid undir örorkunefnd. Þannig er gert ráð fyrir að málsaðilar afli sjálfir sérfræðilegs álits um örorku- og/eða miskastig og þá lækisfræðilegu þætti sem meta þarf áður en mál er borið undir örorkunefnd, sbr. athugasemdir við 9. gr. í frumvarpinu sem varð að lögum nr. 37/1999. Ljóst er að matsgerðir sem aflað hefur verið með þessum hætti hafa í dómaframkvæmd að jafnaði haft umtalsvert meira vægi en önnur utanréttarvottorð og hafa jafnvel haft úrslitabýðingu við úrlausn mála þar sem deilt er um bótarétt vegna líkamstjóns. Þegar horft er til þessara atriða kunna viss rök að standa til þess að málsaðilum sé heimilað að leiða höfunda slíkra matsgerða fyrir dóm til skýrslugjafar, enda mun það í nokkrum mæli hafa tíðkast, a.m.k. í tilvikum þegar gagnaðilar þeirra sem það hafa viljað gera hafa ekki andmælt því.
9. Á hinn bóginn verður ekki framhjá því litið að með úrskurði Landsréttar 29. apríl 2020 í máli nr. 236/2020 var aðila þess máls synjað um að leiða fyrir dóminn, gegn andmælum gagnaðila síns, lækni sem hafði unnið matsgerð sem aflað var með sambærilegum hætti og þeirrar sem hér um ræðir. Sú niðurstaða byggðist á þeim sjónarmiðum sem rakin eru í efnisgreinum nr. 6 og 7 hér að framan og fela í sér meginreglur um skýrslugjöf fyrir dómi í einkamálum. Þar með var því hafnað að höfundar matsgerða sem aflað er samkvæmt 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga skyldu hafa slíka sérstöðu að vikið yrði frá þeim meginreglum. Atvik þess máls sýnast hafa verið öldungis sambærileg þeim sem hér eru uppi, að því leyti sem máli skiptir. Með því liggur fyrir niðurstaða æðri dóms um álitæfnið. Engar haldbærar forsendur eru til að fara gegn því fordæmi á vettvangi héraðsdóms við úrlausn þess ágreinings sem hér er uppi. Engu breytir í þeim efnum þótt niðurstaðan hafi sætt gagnrýni í fræðigrein, enda njóta fræðirit ekki stöðu réttarheimildar. Stefnanda verður því synjað um heimild til að leiða umrædda menn fyrir dóminn til skýrslugjafar. Rétt er að ákvörðun um málskostnað bíði efnisdóms.
10. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### **Úrskurðarorð:**

Kröfu stefnanda um að leiða B og C fyrir dóminn sem vitni er hafnað.

Ákvörðun um málskostnað bíður efnisdóms.